

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 1. desember í máli nr. S-429/2009:

### Ákærvaldið

*(Guðjón Magnússon fulltrúi)*

**gegn**

**Ragnari Tómasi Matthíassyni**

*(Hilmar Ingimundarson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 20. nóvember sl., er höfðað samkvæmt ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 21. apríl sl., á hendur Ragnari Tómasi Matthíassyni, kt. 000000-0000, Hringbraut 119, Reykjavík, fyrir fjársvik og skjalafals framið í Reykjavík á árunum 2004 til 2006, þegar hann sveik út vörur í eftirgreindum verslunum með því að framvísa þar, nema samkvæmt síðasta ákærulið, beiðnum um úttektir á vöru, sem ákærði hafði falsað frá rótum á almenn úttektareyðublöð með því að stimpla eyðublöðin með nöfnum og kennitölum ýmissa fyrirtækja sem beiðenda um úttekt í reikning, tilgreina vöruheiti og undirrita beiðnirnar ýmist í eigin nafni eða með upphafsstöfum úr nafni sínu og náð þannig að svíkja út vörur að verðmæti alls 4.825.966 kr., sem skuldfærðar voru á viðskiptareikning fyrirtækjanna og reynt að svíkja út vörur að verðmæti 1.895.000 kr. með framavísun falsaðs skjals svo sem rakið er:

1.

Þann 10. desember 2005 svikið út hjá verslun Heimilistækja, Sætúni 8, þrjú sjónvarpstæki að verðmæti alls 1.207.403 kr. með því að símsenda versluninni falsaða úttektarbeiðni, stimplaða með nafni Samherja hf., kt. 000000-0000 um afhendingu á LCD skjám vegna Bergstaðastrætis 42, dags. sama dag.

2.

Þann 13. febrúar 2006 svikið út í verslun Svartækni ehf., Síðumúla 37, 2 sjónvarpstæki, 2 fartölvur, tölvuprentara og 2 heimabíókerfi samtals að verðmæti 884.706 kr. með því að framvísa í versluninni falsaðri úttektarbeiðni, dags. sama dag, stimplaðri með nafni Samherja hf., kt. 000000-0000, um afhendingu á vöru að andvirði 1.087.364 kr. samkvæmt tilboði nr. 173852 vegna Bergstaðastrætis 43.

3.

Þann 16. febrúar 2006 reynt að svíkja út hjá versluninni Sony Center, Kringlunni 4-12, 4 sjónvarpstæki, myndavél, 2 farsíma og hljómtæki allt að verðmæti 1.895.900 kr. með því að símsenda versluninni falsaða úttektarbeiðni, dags. sama dag, stimplaða með nafni Samherja hf. um afhendingu á vöru að verðmæti 1.895.000 kr. vegna Bergstaðastrætis 43 en lögregla handtók ákærða í versluninni.

4.

Þann 21. júní 2006 svikið út í verslun Hátaekni ehf., Ármúla 26, 3 sjónvarpsskjái og 2 hljóðkerfi að verðmæti alls 655.980 kr. með því að framvísa þar falsaðri úttektarbeiðni í nafni Ístaks, kt. 000000-0000, vegna Fellsenda, dags. sama dag.

5.

Þann 2. júlí 2006 svikið út hjá verslun Nýherja hf., Borgartúni 37, Reykjavík 3 sjónvarpstæki, heimabíókerfi, 2 fartölvur og 3 kvikmyndavélar að verðmæti alls 1.758.691 kr. með því að framvísa þar falsaðri úttektarabeiðni í nafni Ístaks þar sem vísað er til sölutilboðs frá Nýherja nr. 306074, dags. sama dag.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6.

Fyrir fjársvik með því að hafa, þann 24. nóvember 2004 svikið út hjá verslun Sindrastáls hf. Klettagörðum 12, Reykjavík verkfæri að verðmæti 319.186 kr. með því að láta færa andvirðið heimildarlaust í reikning hjá lögmannsstofunni Lögfestu ehf., kt. 000000-0000.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu krefjast eftirgreindir þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta:

Heimilistæki ehf., kt. 000000-0000, skaðabóta að fjárhæð 562.244.979 (svo) krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. desember 2005 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Hátaekni ehf., kt. 000000-0000, skaðabóta að fjárhæð 655.980 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 21. júní 2006 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags auk lögmanskostnaðar að mati dómsins.

Nýherji hf., kt. 5000000-0000, skaðabóta að fjárhæð 1.408.373 krónur auk áfallandi dráttarvaxta og viðbótarkostnaðar hverju sinni til greiðsludags.

Johan Rönning hf., skaðabóta að fjárhæð 319.186 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 24. nóvember 2004 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Við aðalmeðferð málsins féll sækjandi frá þeim hluta 5. ákæruliðar þar sem ákærða er gefið að sök að hafa svikið út tvær fartölvur. Er ákærða því gefið að sök að hafa svikið út vörur að verðmæti 1.408.373 krónur samkvæmt þeim ákærulið. Þá féll sækjandi frá 6. ákærulið. Breytast fjárhæðir í inngangskafli ákæru sem þessu nemur.

Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af 1., 2., 4. og 5. ákærulið, en að honum verði að öðru leyti gerð vægasta refsing sem lög leyfa, sem jafnframt verði skilorðsbundin. Þá er þess krafist að skaðbótakröfum verði vísað frá dómi. Loks er þess krafist að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

### **Ákæruliðir 1. og 3.**

Þann 13. desember 2005 mætti Magnús Möller, afgreiðslumaður í verslun Heimilistækja ehf. í Reykjavík, til lögreglu og lagði fram kæru vegna notkunar á meintri falsaðri úttektarbeiðni frá Samherja hf. til kaupa á fimm flatskjáum þremur dögum fyrr. Samkvæmt skýrslu lögreglu skýrði Magnús svo frá að þann 9. desember hefði maður komið inn í verslunina, kynnt sig sem Ragnar Matthíasson og óskað eftir tilboðum í fimm flatskjái. Hefði Ragnar sagst vera frá Samherja hf. og tengdust kaupin því að unnið væri að því að gera upp íbúð við Bergstaðastræti þar sem ættu að vera fundarsalir og aðstaða fyrir yfirmenn. Hefði hann haft skilríki um hálsinn sem merkt voru Samherja. Magnús hefði gert manninum tilboð, sem hann hefði samþykkt í símtali síðar sama dag. Daginn eftir, laugardaginn 10. desember, hefði Ragnar haft símasamband og fengið uppgefna nákvæma fjárhæð. Hefði Ragnar sagt að beiðnin væri á leiðinni og að menn væru á leiðinni að sækja sjónvarpstækin á lager verslunarinnar. Hefðu þrjú tæki verið afgreidd, einn Philips 42“ flatskjár og tvö Philips plasma 50“. Þau tvö tæki sem eftir voru hefðu ekki verið til og hefði átt að afhenda þau í janúar. Hefði beiðnin með nafnrítuninni Ragnar Tómas borist í símbréfi frá Hótel Leifi Eiríkssyni. Engin greiðsla hefði komið fyrir tækin, heldur hefði þetta verið fært á reikning. Þann 13. desember hefði maður að nafni Þórir hringt í verslunina og sagt Magnúsi að honum hefði verið boðinn til sölu flatskjár af gerðinni plasma 50“ og hefði hann fengið hann afhentan. Hefði Þórir sagst eiga eftir að greiða fyrir tækið, en vildi kanna hvort það væri illa fengið. Sagðist Magnús hafa haft samband við skrifstofu Samherja, en ritari þar hefði ekki kannast við beiðnina. Hefði verið hringt frá Samherja síðar sama dag og upplýst að reynt hefði verið að framvísa falsaðri beiðni frá félaginu í verslun Ellingsen í Reykjavík. Skýrslu lögreglu fylgir símbréf með umræddri úttektarbeiðni

með undirskriftinni Ragnar Tómas, dagsett 10. desember 2005. Þá fylgir pöntunarseðill, dagsettur sama dag, þar sem kvittað er með upphafsstöfunum RTM fyrir móttöku þriggja sjónvarpstækja. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að starfsmenn Heimilistækja hefðu sótt tvö Philips plasma 50“ sjónvarpstæki heim til Þóris Rafns Halldórssonar, að hans beiðni. Hefði komið fram hjá Þóri að hann hefði greitt fyrir sendibifreið sem sótti sjónvarpstækin á lager verslunarinnar þann 10. desember. Ræddi lögregla við Þóri, sem reyndist vera hóteltjóri Hótel Leifs Eiríkssonar. Sagði hann ákærða hafa dvalið á hótelinu síðustu daga og staðfesti að ákærði hefði boðið honum tvö sjónvarpstæki til kaups.

Meðal gagna málsins er afrit tveggja skráningareyðublaða Hótel Leifs Eiríkssonar, þar sem kemur fram að Ragnar Tómas Matt hafi verið skráður á hótelið 7. til 10. desember og 11. til 14. desember 2005.

Ritaðar hafa verið lögregluskýrslur um myndflettingu sem Magnús Möller, Ingimundur Gestsson, starfsmaður á lager Heimilistækja, og Bjarni Magnússon, sendibifreiðastjóri sá sem upplýst var að hefði sótt umrædd sjónvarpstæki á lagerinn, tóku þátt í dagana 15. og 16. mars 2006, en mynd af ákærða var meðal þeirra mynda sem þeir skoðuðu. Í skýrslum lögreglu um myndflettinguna kemur fram að Magnús og Bjarni sögðust ekki þekkja á myndum manninn sem hefði komið í verslunina og komið á lager hennar í umrætt sinn. Ingimundur benti hins vegar á mynd af ákærða, sem hann sagði vera líkastur þeim sem kom inn á lagerinn og fékk afhent sjónvarpstækin sem um ræðir.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá 16. febrúar 2006 höfðu starfsmenn verslunarinnar Sony Center í Kringlunni í Reykjavík, samband við lögreglu og létu vita um að von væri á manni sem hefði lagt inn pöntun á vörum að verðmæti 1.895.900 krónur fyrir Samherja hf. Til staðfestingar pöntuninni hefði borist símbref frá Samherja, sem sent hefði verið frá pósthúsi við Grensásveg. Hefði beiðnin verið undirrituð með nafninu Ragnar Tómas og væri nú von á honum í verslunina að sækja vörurnar. Fór lögreglumaður í verslunina og beið átekta. Eftir stutta stund kom ákærði í verslunina, sagðist vera að sækja vörurnar og kvittaði fyrir móttöku þeirra. Var ákærði þá handtekinn. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærði hafi verið með úttektarbeiðnina sem um ræðir í fórum sér og er hún meðal gagna málsins, sem og pöntunarstaðfesting. Eru skjölin bæði með undirskriftinni Ragnar Tómas. Kemur fram í pöntunarstaðfestingunni að pantaðar hafi verið þær vörur sem rakið er í ákæru.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Haraldar Árnasonar skjalarannsakanda, dagsett 19. júlí 2008, á fyrrgreindum pöntunarseðli merktum Heimilistækjum, dagsettum 10. desember 2005, um afhendingu þriggja sjónvarpstækja til móttakanda í nafni Samherja, en móttakandi kvittaði fyrir móttöku tækjanna með árituninni RTM. Tók rannsóknin einnig til fyrrgreinds símbrefs með úttektarbeiðni með undirskriftinni Ragnar Tómas, sem framvísað hafði verið í verslun Heimilistækja. Voru áritanir á skjölin borin saman við rithandarsýni ákærða. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú að miklar líkur væru á því að ákærði hefði ritað á skjölin.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu eftir handtöku í versluninni Sony Center 16. febrúar 2006. Viðurkenndi ákærði þá að hafa reynt að svíkja út vörur í þeirri verslun, en neitaði því að hafa svikið út vörur úr verslun Heimilistækja 10. desember 2005. Sagðist hann hafa dvalist á meðferðarheimilinu að Hlaðgerðarkoti

frá því um miðjan nóvember til 14. desember 2005. Ákærði sagði menn sem hann vildi ekki nafngreina hafa fengið sig til þess að reyna að svíkja út vörur úr verslun Sony Center, en hann hefði skuldað þessum mönnum fé.

Við þingfestingu málsins neitaði ákærði sök samkvæmt öllum liðum ákæru og sagðist ekki muna atvik þar sem hann hefði verið í óreglu á þeim tíma sem um ræðir, auk þess sem langt væri um liðið. Bar ákærði fyrir dómnum að hann myndi ekki eftir því að hafa dvalið á Hótel Leifi Eiríkssyni í desember 2005.

Vitnið *Haraldur Arnason* gerði grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á skjölum í málinu. Útskýrði vitnið að niðurstaðan „miklar líkur“ þýddi að skrifarlegir þættir bentu eindregið til þess að viðkomandi hefði skrifað tiltekna skrift, en skjalarannsakandi teldi fyrirbyggjandi gögn ekki nægilega góð eða næg að magni, til að gefa verkefninu niðurstöðuna „yfirgnæfandi líkur“. Í þeim tilvikum sem hér var um að ræða hefði annars vegar komið til skoðunar skjal í ljósriti, en hins vegar hefði áritun einungis verið upphafsstafir. Aðspurður svaraði vitnið því til að ekkert gæfi tilefni til að efast um að ákærði hefði skrifað þetta.

Vitnið *Magnús Möller* sagði tvo menn hafa komið í verslun Heimilistækja við Sætún í umrætt sinn og sagst vera á vegum Samherja. Úttektarbeiðni hefði borist með símbrefi, en áður hefði hann rætt við manninn sem sendi hana og hefði hann sagst vera staddur á hótellherbergi. Vörurnar hefðu verið afgreiddar í framhaldinu. Síðan hefði það gerst að hann hefði fengið símtal frá manni sem hefði sagst vera með tvö af þessum sjónvarpstækjum undir höndum og spurt hvort málið hefði verið kannað hjá Samherja.

Vitnið *Karl Ólafur Erlingsson* sagðist hafa ekið sendibifreið og verið kallaður að Hótel Leifi Eiríkssyni. Hefði maður komið í bifreiðina þar, sem hann hefði ekið að lager Heimilistækja við Klettagarða. Þar hefði maðurinn tekið á móti sjónvarpstækjum. Hefðu þeir flutt tvö tækjanna á hótelið, en það þriðja í einbýlishús í Fossvogi. Hefði hann svo ekið aftur á hótelið, en þar hefði starfsmaður þess, sem staddur var í móttöku, greitt fyrir ferðina.

Vitnið *Ingimundur Gestsson* sagðist hafa verið að störfum á lager Heimilistækja þegar maður hefði komið með nótu frá versluninni og hefði hann afgreitt til hans þrjú sjónvarpstæki. Síðar hefði hann komist að því að maðurinn hefði verið að svíkja út tækin. Vitnið sagðist hafa þekkt manninn aftur við myndsbendingu hjá lögreglu. Sagðist hann vera þess fullviss að myndin sem hann benti á var af manninum sem kom á lagerinn.

Vitnið *Þórir Rafn Halldórsson* sagðist hafa verið eigandi og hóteltjóri Hótel Leifs Eiríkssonar á þeim tíma sem um ræðir. Hefði ákærði gist á hótelinu svo sem gögn um bókanir bæru með sér. Fullyrti vitnið að ákærði hefði gist á hótelinu þá daga sem tilgreindir væru í bókun. Vitnið kannaðist við að ákærði hefði boðið honum sjónvarstæki til kaups. Þá kannaðist hann við að hafa greitt fyrir sendibifreið sem flutti sjónvarpstækin fyrir ákærða.

Vitnið *Ingólfur Bruun* lögreglumaður kom fyrir dómnum og staðfesti lögregluskýrslu sem hann hafði ritað um atvik sem leiddu til handtöku ákærða í verslun Sony Center 16. febrúar 2006. Sagði vitnið ákærða hafa verið handtekinn eftir að hafa kvittað fyrir móttöku á vörnum í versluninni. Þá sagðist vitnið hafa rætt við

forstöðumann Hlaðgerðarkots sem hefði upplýst að ákærði hefði dvalist á vistheimilinu frá 25. nóvember til 7. desember 2005 og aftur 14. til 19. desember þar á eftir. Hann hefði þó fengið nokkur bæjarleyfi á meðan hann dvaldist á vistheimilinu.

Vitnið *Baldvin Einarsson* lögreglufulltrúi gerði grein fyrir aðkomu sinni að handtöku ákærða í verslun Sony Center. Sagði vitnið að ákærði hefði verið búinn að kvitta fyrir móttöku á vörunum þegar hann var handtekinn.

## **Niðurstaða**

### *Ákæruliður 1.*

Ákærði neitar sök og kveðst ekki muna atvik frá þessum tíma. Fram er komið að úttektarbeiðni, stimulð með nafni Samherja hf., sem ritað var undir með nafni ákærða, barst verslun Heimilistækja ehf. með símbrefi sem sent var frá Hótel Leifi Eirikssyni þann 10. desember 2005. Í málinu liggja fyrir gögn sem sýna að ákærði var skráður á hótelinu á þessum tíma. Hefur Þórir Rafn Halldórsson hóteltjóri jafnframt borið að ákærði hafi dvalist á hótelinu. Skýrði Þórir frá því að ákærði hefði boðið honum tvö sjónvarpstæki til kaups og hefði vitnið greitt fyrir sendibifreið sem flutti tækin sem um ræðir frá lager verslunarinnar. Hefur Karl Ólafur Erlingsson sendibifreiðarstjóri borið með sama hætti um atvik að þessu leyti. Ingimundur Gestsson benti á mynd af ákærða við myndsakbendingu og sagðist fyrir dóminum vera þess fullviss að myndin hefði verið af manninum sem sótti sjónvarpstækin á lagerinn í umrætt sinn. Þá var niðurstaða skjalarannsóknar Haraldar Arnasonar sú að miklar líkur væru á því að ákærði hefði ritað á úttektarbeiðnina og kvittað fyrir móttöku. Sagði vitnið fyrir dómi að ekkert gæfi tilefni til að efast um að ákærði hefði ritað þetta. Samkvæmt framansögðu er að mati dómsins hafið yfir allan vafa að ákærði hafi svikið út vörur hjá versluninni í umrætt sinn og notað til þess falsaða úttektarbeiðni svo sem lýst er í ákæru. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

### *Ákæruliður 3.*

Framburður ákærða fyrir dómi verður skilinn svo að hann neiti sök samkvæmt þessum ákærulið, en ákærði hefur borið að hann muni ekki atvik að þessu leyti. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 16. febrúar 2006 viðurkenndi ákærði hins vegar að hafa reynt að svíkja vörur úr verslun Sony Center svo sem lýst er í ákæru. Var ákærði handtekinn í versluninni og hafa tveir lögreglumenn borið að hann hafi þá verið búinn að kvitta fyrir móttöku á vörunum sem um ræðir. Er sama undirskrift á úttektarbeiðninni og móttökustaðfestingunni, en ritað er undir skjölin með nafni ákærða. Þykir samkvæmt framansögðu sannað að ákærði hafi reynt að svíkja vörur úr versluninni og notað til þess falsaða úttektarbeiðni eins og lýst er í ákæru. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

### **Ákæruliður 2.**

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá 24. mars 2006 barst þann dag kæra fyrir hönd Svartækni ehf., vegna fjársvika. Kemur fram að 13. febrúar 2006 hefði maður komið í verslun Svartækni og kynnt sig sem Ragnar. Hefði hann rætt við Hauk Hauksson sölumann og beðið um tilboð í ýmis raftæki. Hefði hann sagst vera starfsmaður Samherja hf. og vera að kaupa þessar vörur fyrir nýja skrifstofu Samherja í Reykjavík. Tveimur dögum síðar hefði maðurinn hringt og sagst ætla að taka tilboðinu. Myndi sendibifreiðarstjóri koma að sækja vörurnar og væri hann með beiðni vegna þeirra. Þann 13. febrúar hefði sendibifreiðarstjóri komið á lager verslunarinnar. Hefði hann haft beiðni meðferðis og fengið afhent tvö sjónvarpstæki, tvær fartölvur, tölvuprentara og heimabíókerfi. Hefði beiðnin sem sendibifreiðarstjórinn framvísaði verið stimpluð með nafni Samherja hf. og tilgreint að tekið væri út vegna Bergstaðastrætis 43, en þar átti skrifstofa Samherja að vera til húsa samkvæmt téðum Ragnari. Var beiðnin dagsett sama dag og afhending fór fram og undir hana ritað með nafninu Ragnar Tómas Matt. Hefði starfsmaður Samherja haft samband við verslunina eftir að reikningur barst fyrir vörukaupunum og sagt að þarna hlyti að hafa verið um svik að ræða. Nefnd úttektaþeirið fylgir skýrslu lögreglu.

Í málinu liggur fyrir skýrsla um myndsakbendingu sem Haukur Hauksson sölumaður hjá Svartækni tók þátt í 1. mars 2007. Kemur fram að vitnið sagðist þekkja ákærða á mynd sem þann mann sem hefði komið í verslunina í umrætt sinn og fengið tilboð í vörurnar. Í sömu skýrslu kemur fram að Hallvarður Birgir Ferdinandsson, sem ekið hefði sendibifreið sem flutti vörurnar af lager verslunarinnar, hefði ekki þekkt ákærða á myndum sem þann mann sem óskaði eftir flutningnum.

Þann 12. júlí 2006 var ákærði yfirheyrður um meint fjársvik og skjalafals framin í verslun Svartækni í umrætt sinn. Sagðist ákærði ekkert kannast við þetta og hefði hann ekki pantað þessar vörur. Borin var undir ákærða nefnd úttektaþeirið, dagsett 13. febrúar 2006, þar sem í reit fyrir undirskrift hefur verið ritað Ragnar Tómas Matt. Sagðist ákærði kannast við að hafa skrifað þessa beiðni og að þetta væri hans undirskrift. Þá sagðist ákærði kannast við þær vörur sem teknar hefðu verið út í umrætt sinn og að hann vissi hvert þær hefðu farið. Teldi hann þær hafa farið á heimili manns sem hann vildi ekki nafngreina, en byggja á Selfossi. Sagðist ákærði ekki hafa sent sendibifreiðarstjóra eftir vörunum.

Sem fyrr segir neitaði ákærði sök fyrir dómi og hefur borið fyrir sig minnisleysi. Þó sagðist ákærði ekki draga í efa það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu, að hann hefði vitað hvað varð um þær vörur sem sviknar voru út í umrætt sinn. Þá kannaðist ákærði við skrift sína á úttektaþeirið sem um ræðir.

Vitnið *Haukur Hauksson* lýsti samskiptum við manninn sem kom í verslunina og óskaði eftir tilboði, sem hann síðar samþykkti og voru vörurnar afhentar í framhaldi af því. Sagðist vitnið strax hafa þekkt þennan mann aftur við myndsakbendingu hjá lögreglu. Væri hann alveg viss um að myndin sem hann benti á var af manninum sem kom í verslunina.

## **Niðurstaða**

Ákærði hefur borið fyrir sig minnisleysi um atvik í umrætt sinn, en hefur þó kannast við undirritun sína á úttektarbeiðni sem um ræðir og segist ekki draga í efa það sem haft er eftir honum í lögregluskýrslu að hann hafi vitað hvað varð um þær vörur sem sviknar voru út úr versluninni. Er brot það sem hér um ræðir framið með samskonar hætti og þau brot sem talið hefur verið sannað að ákærði hafi framið samkvæmt 1. og 3. ákærulið. Þá hefur Haukur Hauksson borið kennsl á ákærða við myndsbendingu sem þann mann sem kom í verslunina og óskaði eftir tilboði í vörurnar sem síðar voru afhentar samkvæmt fyrrgreindri úttektarbeiðni. Þegar til þessa er litið er að mati dómsins komin fram óvefengjanleg sönnun þess að ákærði hafi ritað hina fölsuðu úttektarbeiðni í því skyni að svíkja út þær vörur sem í ákæru greinir. Af gögnum málsins verður hins vegar ráðið að ákærði framvísaði ekki úttektarbeiðninni í versluninni, eins og lýst er í ákæru, heldur hafi sendibifreiðarstjóri framvísað úttektarbeiðninni á lager verslunarinnar og fengið vörurnar afhentar. Af því sem rakið hefur verið þykir hins vegar ekki óvarlegt að álykta að það hafi verið fyrir tilhlutan ákærða sem vörurnar fengust afhentar með þeim hætti. Þykir ekki vera um svo veigamikilið atriði í verknaðarlýsingu ákæru að ræða að standi í vegi fyrir sakfellingu ákærða, enda hefur vörn málsins ekki verið áfátt þess vegna, sbr. 2. málslið 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Að því virtu verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæðis.

#### **Ákæruliðir 4. og 5.**

Þann 10. júlí 2006 barst lögreglu kæra lögmanns Nýherja hf. vegna meintra auðgunarbrot ákærða. Í kæru kemur fram að þann 30. júní 2006 hefði maður komið inn í verslun Nýherja og pantað í nafni Ístaks hf. þrjá 40“ LCD skjái, heimabíókerfi, tvær fartölvur og þrjár myndbandsupptökuvélar. Hefði búnaðurinn verið sóttur mánudaginn 3. júlí, nema fartölvurnar, sem voru ekki tilbúnar. Hefði maðurinn sjálfur hringt eftir sendibifreið og látið aka búnaðinum að Stapahrauni 2, Hafnarfirði. Hefði hann óskað eftir því við sendibifreiðarstjóran að reikningnum fyrir aksturinn yrði framvísað hjá Ístaki. Þar á bæ hefði hins vegar enginn kannast við kaup á þessum búnaði. Hefði grunur fallið á ákærða eftir að skoðaðar hefðu verið ljósmyndir úr eftirlitsmyndavél verslunarinnar, auk þess sem komið hefði í ljós að ákærði væri fyrrum starfsmaður Ístaks. Kærinni fylgja gögn um umrædda pöntun og afhendingu varningsins, auk nefndra ljósmynda, sem bera með sér að vera teknar daginn sem vörurnar voru pantaðar og þekkest ákærði á myndunum þar sem hann sést ræða við sölumann í versluninni. Þá er beiðnin sem um ræðir meðal gagna málsins, en í reit fyrir undirskrift hefur verið ritað R.T.M.

Þann 25. júlí 2006 barst lögreglu svo kæra Hátækni ehf. vegna ætlaðra fjárvika í verslun félagsins 21. júní. Kemur fram að þann dag hefði karlmaður sem kynnti sig sem starfsmann verktakafyrirtækisins Ístaks, komið í verslunina. Hefði maðurinn framvísað úttektarbeiðni frá Ístaki og sölumaður gengið frá pöntun þriggja LCD sjónvarpsskjáa af gerðinni Palladine og tveggja Yamaha hljóðkerfa,

samtals að fjárhæð 655.980 krónur. Undir úttektarbeiðnina hefði ritað Ragnar Tómas Matthíasson. Síðar sama dag hefði sendibifreið komið á vegum mannsins og sótt vörurnar á lager verslunarinnar. Í framhaldinu hefði reikningur verið sendur til Ístaks vegna úttektarinnar. Þann 7. júlí hefði hins vegar borist bréf Haraldar Jósefssonar tæknifræðings fyrir hönd Ístaks hf., þar sem kom fram að úttektarbeiðnin væri félaginu óviðkomandi og að móttakandi vörunnar, Ragnar Tómas Matthíasson, væri ekki starfsmaður þess. Kærinni fylgir ljósrit umrædds reiknings og úttektarbeiðni, sem ber undirskriftina R. Tómas Matt. Bera reikningurinn og beiðnin með sér að úttektin sé vegna Fellsenda.

Ritaðar hafa verið lögregluskýrslur um myndflettingu sem Karl Ólafur Erlingsson sendibifreiðastjóri, sem upplýst var að hefði ekið bifreiðinni sem sótti vörur á lager Heimilistækja, og Björgvin Steingrímsson sendibifreiðarstjóri, sem sótti vörur á lager Hátækni, tóku þátt í 27. febrúar 2007, en mynd af ákærða var meðal þeirra mynda sem þeir skoðuðu. Hvorugur sagðist þekkja á myndum manninn sem hefði óskað eftir akstri í umrædd sinn.

Meðal gagna málsins er skýrsla um skjalaramsókn Haraldar Árnasonar, dagsett 24. september 2008, vegna fyrrgreindra úttektarbeiðna sem framvísað hafði verið í versluninum tveimur. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú að yfirgnæfandi líkur væru á því að ákærði hefði fyllt út og undirritað handskrifaða þætti á beiðnunum. Nánar tiltekið þýði það að skjalaramsakandi sé sannfærður um að viðkomandi hafi skrifað tiltekna skrift og telji aðra ekki koma til greina.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 12. júlí 2006 og neitaði þá að svara spurningum um meint fjársvik og skjalafals í verslun Hátækni. Þá sagðist ákærði ekki kannast við úttektina í verslun Nýherja.

Sem fyrr segir neitaði ákærði sök samkvæmt öllum liðum ákæru fyrir dómi og bar fyrir sig minnisleysi. Hann kannaðist þó við að hafa unnið fyrir Ístak við byggingu hjúkrunarheimilisins Fellsenda í Dölum.

Vitnið *Haraldur Árnason* kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir niðurstöðum skjalaramsóknar sinnar.

Vitnið *Hjalti Þór Þorkelsson* sendibifreiðarstjóri sagðist hafa verið beðinn um að flytja vörur frá lager Nýherja við Köllunarklettsveg. Þegar þangað kom hefði verið þar maður að kaupa vörur. Hefði vitnið flutt vörurnar að Stapahrauni 7 í Hafnarfirði. Hefði maðurinn komið þar út ásamt öðrum manni og hefði hann aðstoðað þá við að bera vörurnar inn í húsið. Hefði maðurinn sagst myndu hafa samband daginn eftir og greiða fyrir flutninginn. Það hefði hins vegar ekki gengið eftir. Hefði vitnið þá reynt að grennslast fyrir um manninn og haft sambandi við Íslenska aðalverktaka, sem hann hefði sagst vera að vinna fyrir. Hefði hann fengið þau svör að þessum manni hefði verið sagt upp störfum einhverju fyrr. Minnti vitnið að maðurinn hefði sagst heita Ragnar.

Vitnið *Haraldur Jósefsson* sagðist hafa ráðið ákærða í vinnu fyrir Ístak og hefði hann unnið við byggingu hjúkrunarheimilisins Fellsenda í Dölum um nokkurra daga skeið í apríl eða maí 2006. Hefðu félaginu síðar borist reikningar með undirskrift hans, sem hefði verið hafnað að greiða.

## Niðurstaða

### *Ákæruliður 4.*

Ákærði neitar sök og ber fyrir sig minnisleysi. Í málinu liggur fyrir úttektarbeiðni sem framvísað var í verslun Hátækni ehf. í umrætt sinn og er niðurstaða skjalarannsakanda á þann veg að yfirgnæfandi líkur séu á því að ákærði hafi fyllt út og undirritað beiðnina. Ber beiðnin stimpil Ístaks hf. og er ritað á hana að úttekið sé vegna Fellsenda. Hefur ákærði sjálfur kannast við að hafa unnið fyrir félagið við byggingu hjúkrunarheimilisins Fellsenda í Dölum, en samkvæmt framburði Haraldar Jósefssonar var það í apríl eða maí 2006. Er að mati dómsins nægilega sannað að ákærði hafi svikið út vörur í verslun Hátækni með því að framvísa falsaðri úttektarbeiðni svo sem lýst er í ákæru. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

### *Ákæruliður 5.*

Ákærði neitar sök og kveðst ekki muna eftir þessu atviki. Í málinu liggur fyrir beiðnin sem framvísað var í verslun Nýherja hf. í umrætt sinn og er niðurstaða skjalarannsakanda á þann veg að yfirgnæfandi líkur séu á því að ákærði hafi fyllt út og undirritað beiðnina. Þekkist ákærði á myndum úr eftirlitsmyndavél verslunarinnar sem teknar voru 30. júní 2006, daginn sem vörurnar voru pantaðar. Ber beiðnin stimpil Ístaks hf. og bar sendibifreiðastjóri sem flutti vörurnar að maðurinn sem óskaði eftir flutningnum hefði sagst vinna fyrir það félag. Hefur ákærði kannast við að hafa unnið fyrir það félag, svo sem áður getur. Samkvæmt framansögðu er að mati dómsins komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi svikið út hjá verslun Nýherja hf. þær vörur sem um ræðir með því að framvísa þar falsaðri úttektarbeiðni svo sem lýst er í ákæru. Við aðalmeðferð málsins féll ákærandi frá því ákæruefni að 2 fartölvur hefðu verið sviknar út úr versluninni með þessum hætti. Að öðru leyti verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

## **Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður**

Ákærði er fæddur í desember 1966 og á hann nokkurn sakaferil að baki. Í apríl 1996 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir skjálafals. Í maí 1998 var ákærði annars vegar dæmdur til greiðslu sektar og sviptur ökurétti í tólf mánuði fyrir ölvunarakstur og hins vegar í sex mánaða fangelsi fyrir skjálafals. Var dómurinn frá 1996 dæmdur með í þeim dómi. Í september 1998 var ákærði dæmdur í fangelsi í einn mánuð fyrir fjársvik. Í september 1999 gekkst hann undir greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot. Á árunum 2001 og 2002 hlaut ákærði tvo sektardóma fyrir umferðarlagabrot. Í mars 2004 var hann dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjálafals. Þá var ákærði þann 10. mars 2008 dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjálafals og fjársvik, en þar var um hegningarauka að ræða og var því dómurinn frá í mars 2004 tekinn upp og dæmdur með. Með hliðsjón af 60. gr., sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, verður skilorðsdómurinn frá 10. mars 2008 tekinn upp og ákærða dæmd refsing í einu lagi fyrir öll málin. Verður refsing tiltekin eftir reglum 77. gr. almennra

hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða verður litið til þess að brot hans vörðuðu verulegum fjárhæðum. Þá sýndi ákærði einbeittan brotavilja. Á móti kemur að langt er um liðið síðan brotin voru framin. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu 7 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur bakað sér bótaábyrgð vegna þess tjóns sem hlaut af brotum hans. Skaðabótakröfur sem greinir í ákæru voru hafðar uppi fyrir gildistöku laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og verður því leyst úr þeim samkvæmt eldri lögum, sbr. d-lið II. bráðabirgðaákvæðis þeirra laga. Verður ákærði dæmdur til að greiða Heimilistækjum ehf. skaðabætur að fjárhæð 562.244 krónur, sem nemur andvirði sjónvarpstækis sem ekki komst til skila. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða Hátækni ehf. 655.980 krónur vegna vöru sem svikin var úr verslun félagsins. Loks verður ákærði dæmdur til að greiða Nýherja hf. 1.276.627 krónur í skaðabætur, sem nemur andvirði þeirrar vöru sem svikin var út úr verslun félagsins, auk bóta vegna lögfræðikostnaðar, sem nemur 131.746 krónum. Bætur beri vexti sem í dómsorði greinir. Samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála verður skaðabótakröfu Johans Rönning hf. vísað frá dómi, en af hálfu ákæruvalds hefur verið fallið frá þeim ákæruvaldi.

Ákærði verður dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi, 422.304 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 37.350 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Ragnar Tómas Matthíasson, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu 7 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Heimilistækjum ehf. skaðabætur að fjárhæð 562.244 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 10. desember 2005 til 17. mars 2006, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Hátækni ehf. skaðabætur að fjárhæð 655.980 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 21. júní 2006 til 25. júlí 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Nýherja hf. skaðabætur að fjárhæð 1.408.373 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 2. júlí 2006 til 25. júlí 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Skaðabótakröfu Johans Rönning hf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi, 422.304 krónur, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 37.350 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir